



Feðgarnir Tómas Eldjárn Vilhjálmsson og Vilhjálmur Eldjárn Sigurlinnason

FEDGAR Í HJÚKRUN



ÞAÐ ERU vafalaust ekki margir feðgar sem hafa lagt fyrir sig hjúkrunarfræði hér á landi en þeir fyrirfinnast þó – að minnsta kosti á það við um feðgana Vilhjálmm Eldjárn Sigurlinnason og son hans Tómas Eldjárn sem hóf nám í hjúkrunarfræði síðastliðið haust. Það kemur ekki á óvart að ástríða Vilhjálms fyrir hjúkrun hafi haft áhrif, en Tómas á þó ekki langt að sækja fyrirmyndir þar sem móðir hans er einnig hjúkrunarfræðingur og kærastan samnemandi hans í hjúkrun.

„Hann hefur eflaust eitthvað smitast af mér,“ segir Vilhjálmmur um þá ákvörðun Tómasar sonar síns að leggja fyrir sig hjúkrun. „Það er oft skemmtilegt hvernig lífið þróast,“ segir Vilhjálmmur en það var í raun alger tilviljun að hann sjálfur lagði fyrir sig hjúkrun. Hann og konan hans fyrrverandi höfðu farið til Svíþjóðar í langt frí og líkað svo vel að þau ákváðu að setjast þar að um óákveðinn tíma.

Það er ekki laust við að það gæti saknaðar þegar Vilhjálmmur rifjar upp starfsævi sín: „Þetta er það skemmtilegasta sem ég hef gert. Að vinna við hjúkrun laðar fram það besta í manni sjálfum – hvatann til að hafa jákvæð áhrif og hjálpa öðrum.“

Eins og ævintýri að hefja nám í hjúkrun 34 ára gamall

Eftir að hann réð sig í vinnu á geðdeild á sjúkrahúsi í Jönköping tók líf hans skyndilega breytta stefnu í kjölfar þess að yfirmaður hans á deildinni hafði hvatt hann til að sækja um nám í hjúkrun

með þessum orðum: „Þér fellur afar vel að umgangast skjólstaðinga okkar hér.“ Áður en hann vissi af hafði hann fyllt út og sent inn umsókn um hjúkrunarfræðinám. Það var svo ekki fyrr en rúmu ári síðar, þegar hann var í fríi í Danmörku, að hann fékk símhringingu frá Íslandi um að hafa samband við framkvæmdastjóra geðsviðs í Jönköping. „Þar sem ekki hafði náðst samband við mig í síma eða bréfleiðis í Jönköping hafði hann haft samband við íslenskan lækni sem þar starfaði og beðið hann að reyna að hafa uppi á mér svo að hann gæti látið mig vita að ég hefði fengið inngöngu í námið. Honum tókst það með því að hafa samband heim til Íslands.“ Skömmu síðar var Vilhjálmmur sestur á skólabekk, 34 ára gamall, og aldrei verið eins



ánægður. „Þetta var eins og í ævintýri. Þetta gerðist allt svo hratt,“ rifjar hann upp.

Vilhjálmur og þáverandi kona hans bjuggu í Svíþjóð í sex góð ár en fluttu svo til Íslands vegna veikinda eiginkonu hans. „Maður ræður ekki alltaf förlunni.“ Hann hóf þá störf við endurhæfingu hjá Ríkisspítölum og síðar sem hjúkrunarforstjóri Dvalar – hjúkrunarheimilis aldraðra á Suðurnesjum en þar vann hann á fimmta ár. Þá lá leiðin á Heilsustofnunina í Hveragerði, þar sem hann kynntist seinni konu sinni. Síðar fluttu þau til Kristiansand í Noregi með tvo unga syni sína, keyptu þar fallett timburhús með stórum garði og undu hag sínum vel og bjuggu þar í tvö ár. Vilhjálmur segir Noregsdvöl fjölskyldunnar hafa verið afar góða. „Þetta var yndislegur tími og ég hefði gjarnan viljað búa þar lengur.“ En hann hafði lofaði konu sinni, sem er hálfðönsk, að fara til Danmerkur. Þar dvöldu þau í eitt ár en þegar synir þeirra voru komnir á skólaaldur lá leiðin aftur til Íslands.

Það er ekki laust við að það gæti saknaðar þegar Vilhjálmur rifjar upp starfsævi sína: „Þetta er það skemmtilegasta sem ég hef gert. Að vinna við hjúkrun laðar fram það besta í manni sjálfum – hvatann til að hafa jákvæð áhrif og hjálpa öðrum.“

